

## Almennt um skráningu persónuupplýsinga hjá MAST

Við skráningu persónuupplýsinga/persónugreinanlegra upplýsinga í kerfum MAST t.d. við gerð eftirlitsskýrslna, í ábendingakerfi MAST eða annars staðar skal forðast að skrifa texta sem gæti falið í sér viðkvæmar persónuupplýsingar en skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd **er óheimilt að** skrá og vinna viðkvæmar persónuupplýsingar nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Vinnsla tekur til rafrænnar skráningar og skráningu á pappírformi.

Viðkvæmar persónuupplýsingar skv. lögum um persónuvernd sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd eru m.a.:

- Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun og aðild að stéttarfélagi.
- Heilsufarsupplýsingar.
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
- Erfðafræðilegar upplýsingar
- Lífkennuupplýsingar, o.l.

## Dæmi um mögulega skráningu í t.d. eftirlitsskýrslu

Til að komast hjá nákvæmri skráningu um framangreindar viðkvæmar persónuupplýsingar væri möguleiki að orða texta skýrslunnar um athugasemdir eftirlitsmanns þannig:

*„Við skoðun og mat á þeim athugasemdum sem gerðar eru í meðfylgjandi eftirlitsskýrslum bendir ekkert til að ástand sé tilkomið vegna þess að einhverju sé ábótavant í umhverfi dýranna; s.s. hús, girðingar, skortur á fóðri o.s.frv. heldur sé ástæðan skortur á (a) vilja, (b) getu og/eða (c) þekkingu umráða- / umsjónarmanns sbr. ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra“ (fleiri en einn liður getur átt við).*

Framangreint dæmi byggir á 1. mgr. 10. gr. laga um velferð dýra sem er svohljóðandi :

**„10. gr. Geta, hæfni og ábyrgð.**

Hver sá sem hefur dýr í umsjá sinni skal **búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun** viðkomandi dýrategundar og skal enn fremur búa yfir **nægjanlegri getu** til að annast dýrið í samræmi við lög þessi.“

Í greinargerðinni með frumvarpi til umræddra laga kemur m.a. fram:

*„Reynslan sýnir að rót flestra vandamála á sviði velferðar dýra er **heilsuþrestur umráðamanns dýranna, þekkingarleysi hans eða almennt viljaleysi** til að sinna dýrunum með fullnægjandi hætti. Þegar um endurtekin brot á lögum þessum er að ræða varðandi meðferð og umhirðu dýra og eftirlitsaðili hefur gögn og skýrslur um þessi endurteknu brot viðkomandi án þess að eftirlitsaðili geti bent á hluti í umhverfi dýrsins, hús, girðingar, skortur á fóðri o.s.frv., er almennt engin ástæða önnur fyrir ástandi dýranna nema skortur á vilja, getu eða þekkingu til að sjá um dýrin. Ekki er gert ráð fyrir að eftirlitsaðili leggi fram læknisvottorð eða annars konar mat á getu, þekkingu eða vilja viðkomandi umráðamanns dýra við beitingu þvingunarúrræða. **Í slíkum tilfellum verður við úrlausn mála, í ljósi reynslunnar, hægt að vísa almennt til 10. gr., þ.e. að umráðamaður skorti vilja, getu eða þekkingu til að sjá um dýr þótt eftirlitsaðili kveði ekki upp úr um það, að öðru leyti, af hvaða ástæðu umráðamaður dýranna sinni þeim eins illa og raun ber vitni.** „*

Þrátt fyrir að í greinargerðinni er getið um heilsuþrest er ljóst að heilsufarsupplýsingar teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga og þær almennt óheimilt að skrá. Sama gæti átt við um „viljaleysi“, þ.e. ef það tengist heilsufari eða lífsskoðun viðkomandi.

## Nánari leiðbeiningar um persónuupplýsingar skv. I. um persónuvernd

### Persónuupplýsingar almennt

Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem hægt er að tengja við einstakling, t.d. nafn, kennitala, staðsetningargögn, ljósmynd o.s.frv.

Persónuupplýsingar eru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef hægt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, til dæmis með tilvísun í nafn, kennitölu, búsnúmer, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann með einhverjum hætti. Af þessu leiðir að persónuupplýsingar eru upplýsingar um fólk, en ekki upplýsingar um fyrirtæki eða dýr, svo dæmi séu nefnd.

### Viðkvæmar persónuupplýsingar

Í persónuverndarlögum er greint á milli almennra og viðkvæmra persónuupplýsinga. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru þær persónuupplýsingar sem skilgreindar hafa verið sem slíkar í lögum. Þær eru því tæmandi taldar í lögum og um þær gilda strangari reglur en um almennar persónuupplýsingar. Gera verður greinarmun á viðkvæmum persónuupplýsingum annars vegar, og hins vegar þeim upplýsingum sem ekki teljast viðkvæmar samkvæmt lögum en eru engu að síður viðkvæms eðlis, t.d. upplýsingum um félagsleg vandamál og önnur einkalífsatriði. Þrátt fyrir þetta eru að sjálfsögðu gerðar ríkari kröfur til vinnslu og meðferðar síðastnefndra upplýsinga en upplýsinga almenns eðlis, t.d. um nöfn og heimilisföng, enda verður ávallt að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við mikilvægi þeirra.

### Upplýsingar um refsiverða háttsemi

Upplýsingar um refsiverða háttsemi einstaklinga teljast ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt persónuverndarlögum, en þrátt fyrir það eru sérstök skilyrði sett fyrir vinnslu þeirra í lögnum. Nánar tiltekið segir í lögnum að stjórnvöld megi ekki vinna með upplýsingar um refsiverða háttsemi nema það sé nauðsynlegt í þágu lögbundinna verkefna þeirra. Þá mega þau ekki miðla upplýsingunum nema á grundvelli þeirra heimilda sem tilgreindar eru í persónuverndarlögnum.

Þá segir að einkaaðilar megi ekki vinna með upplýsingar um refsiverða háttsemi nema hinn skráði, þ.e. einstaklingurinn sem upplýsingarnar varða, hafi veitt til þess afdráttarlaust samþykki sitt eða vinnslan sé nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna sem auðsjáanlega vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Þá má ekki miðla upplýsingunum nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem sett eru í lögnum.